


LISTIR



VASI hannaður af Michael Young fyrir E&Y Co., Tókýó, Japan.



JASPER Morrison hóf feril sinn sem húsgagnahönnuður en húsgögn hans eru einföld, stílhrein og hafa mikið notagildi.

Afurðir árþús- undaskiptanna

Jasper Morrison, Marc Newson og Michael Young eru á meðal fremstu iðnhönnuða á alþjóðlegum vettvangi. Þeir lifa í hraðfara heimi þar sem landfræðileg mörk og stíllegar skilgreiningar eru óljósar. Sýning á verkum þeirra stendur nú yfir á Kjarvalsstöðum. Hildur Einarsdóttir ræddi við þá um fjölbreytta hönnun þeirra sem spannar allt frá úrum til spurvagna.

YMISLEGT fleira tengir þá saman, eins og Lundúnaborg, en Morrison og Young sem eru Bretar og Newson sem er Ástrali hafa allir rekið hönnunarfyrirtæki í borginni. Young er reyndar fluttur til Íslands því hann var orðinn þreyttur á lífstílinum sem stórborgin bauð upp á svo hann ákvað að flytja til hinnar „mannlegru Reykjavíkur“.

Þeir eru á hraðferð þegar við hittum þá á kaffiteríunni á Kjarvalsstöðum, klukkan er rúmlega fimm. Sýningin verður opnuð formlega um áttaleytið með hanastéli. Þeir eiga eftir að borða, fara í sturtu og skipta um fót. Það er því betra að hafa hraðar hendur. Morrison og Newson fljúga svo burtu í bítíð morgunninn eftir. Mikil ferðalög fylgja vinnu þeirra enda starfa þeir allir fyrir framleiðslufyrirtæki víds vegar um heiminn, á Ítalíu, í Þýskalandi, Japan og Bandaríkjunum svo dæmi séu tekin. Hvers vegna ætli þeir hafi kosið að hafa bækistöð sína í London?

Newson: „Ég hef búið í París og nokkur ár í Japan. Í rauninni skiptir ekki máli hvar maður vinnur. Með hjálp síma, myndsendis og tölvuþósts er hægt að vinna hvar sem er í heiminum.“

Er samt ekki betra að starfa í umhverfi þar sem hlutirnir eru að gerast eins og til dæmis Milanó á Ítalíu þar sem mörg framsækni framleiðslu- og hönnunarfyrirtæki hafa aðsetur?

Morrison: „Ég vinn aldrei neitt þegar ég er í Milanó því ég er svo upptekinn af því að skoða það sem aðrir hönnuðir eru að gera, borgin hefur ekki mjög góð áhrif á mig að þessu leyti. Það má bæta því við að það er nú ekki allt jafn gott sem þeir eru að hanna þar.“

Young: „Ég tek undir það að staðsetningin skiptir ekki máli. Þegar ég var með vinnustofu í London varð mér ekkert úr verki því það var alltaf verið að trufla mig. Ég varð að fara á einhverja krána og finna mér þar rólegt horn svo ég fengi vinnu-

fríð. Annars vinn ég best heima hjá mér og þá helst á nærbuxunum! Ég er þó að setja hér upp vinnustofu því ég verð að hafa stað þar sem ég get sýnt það sem ég er að fást við.“

Er hægt að segja að hönnun ykkar sé bresk?

Morrison: „Nei, áhrifin koma mjög víða að. Það hefur ekki mikið verið að gerast í breskri iðnhönnun á þessari öld nema nú undir það allra síðasta en bresk iðnfyrirtæki eru farin að sækja til hönnuða í auknum mæli.“

Það virðist þó heilmikið vera að gerast til dæmis í breskri fatahönnun.

Morrison: „Í bresku samfélagi er rík tilhneiging hjá ákveðnum einstaklingum og hópum að vilja brjóta upp hefðina, þannig hafa nýjungarnar orðið til og þá hafa hlutirnir gjarnan gerst mjög hratt. Á iðnhönnunarsviðinu hefur þróunin verið mun hægar.“

Afurðir hönnuðanna þriggja eru afar fjölbreytilegar eins og áður segir. Marc Newson stundaði upp-haflega gullsmíðar en snéri sér síðan að húsgagnahönnun á síðasta námsári sínu. Stóll hans „Lockheed Lounger“ var valinn af hinum þekktu hönnuði Philippe Starck í móttökusal Paramount-hótelisins í New York. Stóllinn er gerður úr hömruðum álplötum og er handgerður. Newson hannar einnig fjöldaframleidda hluti og meðal fyrirtækja sem hann hefur starfað fyrir eru Idee í Japan og ítölsku fyrirtækin Cappellini, B&B Italia, Magis og Flos.

Newson: „Ég fæst við hvað sem er,“ (segir hann þegar þeir eru spurður að því hver viðfangsefnin séu). „Ef ég gerði það ekki yrði ég leiður á vinnunni. Ég hef hannað armbandsúr, ilmvatnsflöskur, veitingastað, innréttad einkapotu og nú er ég að hanna reiðhjól fyrir Westland-verksmiðjurnar í Bretlandi.“

Líkt og Newson starfar Morrison fyrir stóran hóp alþjóðlegra viðskiptavina, meðal annars Alessi, Flos og Cappellini á Ítalíu og Aut-

hentic og Hannoverborg í Þýskalandi en fyrir hana hannaði hann spurvagn sem vakið hefur mikla athygli.

Í upphafi voru viðskiptavinir Morrisons þó flestir á heimaslóðum. Meðal fyrstu verkkaupa hans var húsgagnafyrirtækið Sheridan Coakley í London. Hann hannaði einnig ýmsa hluti úr sveigðum stál-rörum fyrir SCP, dótturfyrirtæki Coakley, m.a. stóla og lítil borð. Þó Morrison hafi byrjað feril sinn á því að hanna húsgögn er það sem hann fæst við nú mjög fjölbreytilegt eins og „Glo-ball“ ljósaserían sem hann hannaði fyrir Flos og vínflokkustandurinn sem unninn er fyrir Magis. Þá hefur hann hannað borðbúnað fyrir Rosenthal sem hlotið hefur heitið „Moon“, svo eitthvað sé nefnt.

Young sem er yngstur þeirra félaga hefur líkt og hinir verið að þróa og hanna nýttahluti og húsgögn og hefur þá einkum unnið fyrir fyrirtæki eins og Magis, Rosenthal og Cappellini. Á sýningunni á Kjarvalsstöðum hefur hann kosið að sýna öll þau verk sem hann hefur hannað í hvítum lit.

Young: „Ég vonast til að þetta val verði til þess að gripirnir sýni með skýrum hætti hugmyndir um byggingu, efni og framleiðslu fremur en að endurspeglar einungis tiskustefnur augnabliksins. Það verður kannski til þess að fólk spyrji fleiri spurninga,“ (segir hann til skýringar).

Hvað er góð hönnun að ykkar mati?

Morrison: „Par koma til margir þættir. Hluturinn þarf að vera vel nýtanlegur, á góðu verði og hann verður að höfða til kaupenda, hafa fallega lögun og vera úr vönduðum efnum.“

Newson: „... og hann þarf að búa yfir vissri einlægni.“

Young: „Hönnunin þarf að vera framsækni þó hugmyndin að baki henni sé ekki alltaf ný. Ég vinn mjög hratt en hins vegar geri ég mér grein fyrir því að það tekur marga mánuði að fullvinna góða hugmynd.“

Er einhver sérstök lífsspeki að baki því sem þið gerði?

Newson: „Ekki get ég sagt það. En það er mikilvægt að trúa á það sem maður er að gera, skilja þróunarferlið og iðnaðinn í heild sinni.“


Young: „Ég hef látið það eftir mér að stunda tilraunastarfsemi. Sá sem starfar að hönnun þarf sífellt að vera að prófa sig áfram til að auka færni sína og þekkingu. Ég met góðan humor mikils og leitast við að gæða verk mín léttleika. Þegar fólk getur samsamað sig því sem hönnuðurinn er að gera er það ánægð.“

Morrison: „Í mínu tilviki er ég í



Morgunblaðið/Porkell

HÖNNUÐIRNIR Jasper Morrison, Michael Young og Marc Newson á Kjarvalsstöðum.



„Ég fæst við hvað sem er,“ segir Marc Newson. Líkt og félagar hans hefur hann verið óhræddur við að prófa sig áfram með ný efni og form. Í verkum hans er að finna töluverða litagledi.

rauninni alltaf að hanna fyrir sjálfan mig. Ég hugsa um það fyrst og fremst hvort ég vilji sjálfur eiga gripinn. Ef ég er ánægður með af-rakstur vinnu minnar veit ég að ég er á réttri leið.“

Hvernig verða hugmyndirnar til? Hjá ykkur sjálfum eða eruð þið beðnir um að hanna ákveðna hluti fyrir framleiðslufyrirtækin?

Young: „Þetta er blanda af hvoru tveggja.“

Morrison: „Ég hef starfað lengi fyrir sömu fyrirtækin svo þau þekkja vinnubrögð mín og leita til mín um ákveðin verkefni. Einnig sýni ég þeim þær nýjungar sem ég er að vinna að hverju sinni.“

Newson: „Sum fyrirtækjanna, sérstaklega þau stóru, eru með mjög ákveðnar hugmyndir um hvaða útlit þau vilja hafa á framleiðslu sinni, hönnuðirnir þurfa því að vera sveigjanlegir og koma til móts við kröfur þeirra.“

Morrison: „Ég sé líka hvað fyrirtækin eru að framleiða og get tekið mið af því. Ef mér líkar ekki það sem framleiðslufyrirtækið er að gera þá vinn ég helst ekki fyrir það.“

Newson: „Ekki nema að það borgi mjög vel fyrir!“

Í hvaða landi seljast afurðir ykkar best?

Morrison: „Líklega í Þýskalandi því þar er fjármagnid.“

Young: „Það er ekki hægt að nefna neitt einstakt land í því sambandi en mínar vörur seljast ágætlega í Japan, Ítalíu, Þýskalandi, Englandi og í Frakklandi.“

Newson: „Ég tek undir þetta. Ég er byrjaður að vinna fyrir bandarískt fyrirtæki en sá markaður á eft-

ir að verða sá stærsti í framtíðinni fyrir nútímahönnun.“

Fer áhugi á nútímalegri hönnun vaxandi?

Young: „Já, áhuginn vex hægt og bítandi. Fólk er farið að kaupa meira af nútímalegum nytjahlutum, ekki síst eftirlíkingum sem er auðvitað slæmt fyrir þá sem eiga upp-haflegu hugmyndina. Það má þó segja að þannig sé þróunin að skila sér sem er jákvætt.“

Newson: „Samkeppni milli iðnfyrirtækja er sífellt að aukast og til að mæta henni verða fyrirtækin að skapa framleiðslu sinni sérstöðu en það gera þau í auknum mæli með góðri hönnun.“

Morrison: „Almenningur veitir nútímahönnun einnig meiri athygli en áður sem birtist meðal annars í því að víða hafa verið sett á laggirnir hönnunarsöfn (design museums) sem ber vott um aukinn áhuga.“

Newson: „Þessi söfn gefa að mínu viti ekki rétta mynd af því sem er að gerast á þessu sviði því þar ræður smekkur fátta manna.“

Morrison: „Sýningin hér á Kjarvalsstöðum er líka merki um aukinn áhuga fólks á nútímahönnun.“

Hvað varð til þess að þið ákváðuð að sýna afrakstur vinnu ykkar hér á landi?

Young: „Upphaflega var mér einum boðið að sýna á Kjarvalsstöðum. Ég hitti síðar þessa félaga mína í Milanó. Þeir sýndu áhuga á því að heimsækja Ísland og sjá hvað er að gerast hér. Kjarvalsstaðir bjóða upp á sýningarsal sem hægt er að skipta í þrennt svo ákveðið var að við sýndum allir þrír saman sem hefur verið mjög skemmtilegt.“